



# Mat í bágu náms

Verkefni styrkt af Sprotasjóði 2013-2015

Verkefnisstjóri:  
Bryndís Jóna Magnúsdóttir

## Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Heiðarskóli hlaut styrk úr Sprotastjóði árið 2013 fyrir verkefnið Mat í þágu náms. Markmið þess er að kennarar dýpki þekkingu sína á fjölbreyttu og vönduðu námsmati og móti skýra og heildstæða stefnu skólans um námsmat. Einnig að efla leiðsagnarmat og þátttöku nemenda í námsferlinu.

### Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Kennrarar og stjórnendur dýpkuðu þekkingu sína á fjölbreyttu og vönduðu námsmati með lestri og samræðum um námsmat í Aðalnámskrá grunnskóla - almennum hluta 2011 og greinasviða 2013. Í upphafi skólaársins 2013/2014 voru nýjar bekkjarnámskrár samdar þar sem farið var yfir hæfniviðmið námsgreina í nýrri aðalnámskrá og hæfnikröfur í námi nemenda Heiðarskóla skilgreindar. Uppsetningu námskránna var breytt og framsetningu þeirra á heimasíðu skólans. Einnig voru útbúin eyðublöð fyrir markmiðssetningu allra aldurshópa með það að markmiði að efla þátttöku nemenda í námsferli sínu. Sú vinna var þróuð áfram og fest í sessi skólaárið 2014/2015. Markmiðssetningin er m.a. notuð til grundvallar námsmats í lykilhæfni. Í upphafi skólaárs setja nemendur sér markmið með aðstoð foreldra og eru þau svo rædd á samskiptadegi. Í janúar eru markmiðin yfirfarin og ný sett fyrir samskiptadag og í lok skólaársins meta nemendur hvernig til tókst á þar til gerðum sjálfsmatsblöðum. Þegar sjálfsmatið hefur farið fram ræða kennrarar við umsjónarnemendur sína um markmið skólaársins og sjálfsmatið.

Leitað var til sérfræðinga um leiðsögn og aðstoð. Þau Erna Ingibjörg Pálsdóttir og Ingvar Sigurgeirsson unnu með stjórnendum og kennurum skólaárið 2013/2014. Bæði leiðbeindu þau hópnum með fjölbreytt námsmat en áhersla Ernu Ingibjargar var á leiðsagnarmat og Ingvars á námsmatslista. Í framhaldi af því voru námsmatslistar unnir út frá hæfniviðmiðum á hverju aldursstigi og lykilhæfni og breytingar á námsmati skólaársins 2014/2015 undirbúnar.

Í upphafi skólaársins 2014/2015 fóru kennrarar vandlega yfir þær námsmatsleiðir sem þeir höfðu viðhaft í kennslu og endurskoðuðu þá námsmatsþætti sem lokamat námsgreina hafði byggt á. Dregnir voru út úr lokamati námsgreina þeir þættir sem tilheyra lykilhæfninámsmati annars vegar og þeir þættir sem ættu heldur að tilheyra leiðsagnarmati hins vegar. Markmiðið var að efla þjálfunina og vinnu nemenda sem á sér stað áður en lokamat fer fram og jafnframt að gera lokamat markvissara.

Fyrir skólaárið 2014/2015 var ákveðið að í Heiðarskóla skyldi skólaárið verða eitt samfellt námsmatstímabil í stað tveggja með annarskilum upp úr miðjum janúar þar sem vitnisburðarskjöld haustannar eru afhent nemendum. Með því móti var álagstoppurinn fyrir og eftir jólafrí jafnaður út og öll lokamatsverkefni og -próf skólaársins lögð undir eina heildstæða lokamatseinkunn. Tölverður munur getur verið á áherslum haust- og vorannar og er því

gjarnan erfitt að bera lokaiekunn haustannar í námsgrein saman við lokaiekunn vorannar. Annarskil áttu sér þó stað í janúar þar sem kennarar yfirlóður verkefnabækur í Mentor með nemendum og foreldrum þeirra og voru markmið nemenda endurskoðuð. Vitnisburðarskjöl sem afhent verða á skólaslitum í júní munu svo innihalda niðurstöður úr námsmati alls skólaársins en ekki einungis vorannar.

### **Frávik miðað við áætlun verkefnisins**

Gæði og fjölbreytni skal ávallt vera þungamiðjan í námsmati hvers skóla en framsetning þess og skil á niðurstöðum til nemenda og foreldra þarf jafnframt að vanda. Nemendum og foreldrum þeirra þarf að vera ljóst hvað metið er og hvernig og því þurfa hæfniviðmið og markmið einstakra námsþátta að vera skýr og aðgengileg. Mikilvægur þáttur þessa þróunarverkefnis var því talinn vera að finna út hvernig best væri fyrir kennara að halda utan um yfirgrípsmikið námsmat sem samanstendur af lokamati, leiðsagnarmati og lykilhæfnimati. Einnig með hvaða leiðum er heppilegast fyrir skólann að skila af sér þessum niðurstöðum þar sem viðmið, vinnulag og verkefni sem liggja til grundvallar matinu eru ljós. Skólastjórnandi sótti á tímabilinu kynningu hjá Mentor þar sem möguleikar þriðju kynslóðar kerfis þeirra voru kynntir. Þetta nýja upplýsinga- og námskerfi á vel við þær hugmyndir sem kennarar og stjórnendur Heiðarskóla hafa um utanumhald og skil á námsmati. Sem dæmi um slíka hugmynd má nefna að í stað útprentaðra vitnisburðarskjala með niðurstöðum úr hæfnimati námsgreina, lokamati námsgreina, og lykilhæfnimati er stefnt að því að skil á lykilhæfnimati verði rafræn en ekki útprentuð og þá í gegnum Mentor. Þeir möguleikar sem í boði eru í Mentor kerfinu eins og það er í dag eru ekki fullnægjandi. Heiðarskóli fær prufuaðgang að nýja kerfinu um mánaðamótin maí/júní 2015. Einnig ber að nefna að sú ákvörðun menntamálaráðuneytisins að lykilhæfnieinkunnir munu ekki fylgja nemendum í framhaldsskóla gefur skólum ákveðið frelsi til að ákvarða með hvaða hætti lykilhæfninámsmat er afhent nemendum. Fyrir lok tímabilsins sem styrkveitingin nær yfir náðist því ekki að útfæra þann þátt verkefnisins sem snýr að utanumhaldi og skilum á námsmatsniðurstöðum auk þess sem ákvörðun menntamálaráðuneytisins breytti töluvert þeim hugmyndum sem stjórnendur höfðu um skil á lykilhæfninámsmati við útskrift nemenda úr grunnskóla. Sú vinna mun því fara fram á næsta skólaári.

### **Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu**

Kennarar hafa varið ómældum tíma í lestur, ígrundun og endurskoðun á námsmati í Heiðarskóla. Þekking þeirra hefur því aukist og fagmennska þeirra þar með eflst. Auk þess hefur samræðan og vinnan gert það að verkum að nú er meira samræmi í hugmyndum kennara um námsmat og þeir eru betur upplýstir um þær leiðir sem farnar eru á ólíkum aldursstigum.

Námskrár eru nú í samræmi við nýja Aðalnámskrá grunnskóla og þar með áherslur í námsmati auk þess sem framsetning námskráa hefur verið bætt til muna og þær gerðar aðgengilegri.

Grunnurinn hefur verið lagður að því að gera nemendur að öflugri þátttakendum í námsferli sínu með markmiðssetningu og sjálfsmati. Kennurum hefur auk þess miðað vel í

þeirri vinnu að gera nemendur og foreldra þeirra upplýstari um þau viðmið sem liggja til grundvallar námsmati og hvernig hæfni nemenda er þjálfuð fyrir þann hluta námsferlisins sem telst til lokamats. Það hefur m.a. verið gert með matslistum og sérstökum vinnuáætlunum.

## Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Verkefnið hefur haft mikil áhrif á námsmat í Heiðarskóla og á þeirri vinnu verður byggt næstu árin. Námsmarkmið á öllum aldursstigum og námsmat hefur verið endurskoðað og sett fram í nýjum bekkjarnámskrám samkvæmt hæfniviðmiðum nýrrar aðalnámskrár. Gott samræmi á nú að vera á milli námsmarkmiða, kennsluaðferða og námsmats. Miklum tíma hefur verið varið í verkefnið og njóta kennrar þess nú að hafa plægt akurinn vel fyrir áframhaldandi vinnu við kennslu samkvæmt námsmarkmiðum og vandað mat á námi nemenda í Heiðarskóla.

## Niðurstöður verkefnisins

Tvö skólaár voru áætluð í þetta verkefni. Skólaárið 2013/2014 unnu kennrarar í nýjum bekkjarnámskrám, útbjuggu matslista og markmiðssetningarskjöl og fengu fræðslu og leiðsögn. Í upphafi skólaársins 2014/2015 var námsmat í nýjum bekkjarnámskrám undir smásjánni og markmiðssetningu og sjálfsmati nemenda var hrint í framkvæmd.

Markmiði verkefnisins um að kennrarar dýpki þekkingu sína á fjölbreyttu og vönduðu námsmati hefur verið náð og skólinn er langt á veg kominn í að móti skýra og heildstæða stefnu um námsmat. Á heimasíðu skólans [www.heidarskoli.is](http://www.heidarskoli.is) má nálgast upplýsingar og yfirlit um tilhögun námsmats í skólanámskrá og bekkjarnámskrám.

Aðkoma Ernu Ingibjargar og Ingvars Sigurgeirssonar var stór þáttur í endurmenntun kennara á þessu sviði á skólaárinu 2013/2014. Fræðsla þeirra og leiðsögn var stjórnendum og kennurum mikil hvatning í þeirri vinnu sem átti sér stað á öllu tímabilinu sem hér um ræðir.

Þáttur leiðsagnarmats í skólastarfins hefur verið efldur til muna. Forsenda þess er aukin þekking kennara á leiðsagnarmati og hefur það skilað sér í markvissari þjálfun nemenda og betri stíganda í námi þeirra. Fyrir vikið eru nemendur meðvitaðri um til hvers er ætlast af þeim og hvert er stefnt. Hér má sjá dæmi um leiðsagnarmat í formi matskvarði í ritun í 1. bekk:

**Pegar ég skrif í sögubók þarf ég að munu að:**

Gefa sögurni minni nafn  
Hafa bíl á milli orða  
Teikna mynd og lita  
Vanda mig




Til foreldra:

Markmið með sögubóknini er að barnið uppgötvi smán saman að það sem sagt er megi yfirfæra í ritæd mál. Barnið þálfast í að skrá hugsanir sínar og tilfinningar skriflega. Kennarinn les upp úr sögubókunum fyrir bekinn.

Vinna sem þessi hefur jafnframt leitt af sér upplýstari foreldra m.a. þegar kemur að aðstoð þeirra við heimanám barna sinna.

Stigin hafa verið mikilvæg skref í áttina að því að auka þátttöku nemenda í námsferlinu. Markmiðssetning nemenda með aðstoð foreldra hefur aldrei áður tíðkast í Heiðarskóla í þeirri stærðargráðu sem hún er nú. Markmiðssetning nemenda og sjálfsmat hefur nú verið samræmt milli allra árganga. Eyðublöðin og framkvæmdin á markmiðssetningu og sjálfsmati er þó löguð að hverju aldursstigi fyrir sig. Nú setja nemendur í öllum árgögum sér markmið í upphafi skólaárs, yfirfara þau á því miðju og meta frammistöðu sína í lok þess. Hér má sjá hluta af markmiðssetningar- og sjálfsmatsskjölum úr mismunandi árgögum:


Páttur	Náði ég markmiðum mínum? Hvað gerði ég til þess að ná þeim?	Náði ég ekki markmiðum mínum? Hvað þarf ég að gera til þess að mér gangi betur?
Vinnusemi		
Ábyrgð		
Samstarf og samskipti		



Heimavinnna

Hvernig hef ég sinnt heimavinnu á þessu tímabili?	Stóðust heimavinnumarkmið mínn?	
 	JÁ	NEI


Niðurstöður foreldrakönnunar Skólapúlsins sýna að foreldrar upplifa sig í meira mæli en áður taka þátt í gerð námsáætlana eins og sjá má á þessum myndum:



#### Spurningar sem mynda matsþátt – Heiðarskóli Rnes

Miðun sem sýnir svá skólastitum miðað við svárlíðum skólastum sem tóku þátt í öðru. Í myndinni er tilte spurningar síðunum með 1% af markmiðum munur er á örnum ríkjum verkefnið óannan óflutnis og utan hins, samkvæmt meðleitarþrópi þar sem óryggsíður eru 90%.


4.7.1 Hefur þú tekið þátt í gerð námsáætlunar með barninu þínú (t.d. markmið um heimamam eða námsáætlungur)?\*



Þó að það hafi ekki verið markmið í sjálfu sér að efla þátt foreldra í námsáætlanagerð barna sinna eru þetta vissulega ánægjulegar niðurstöður fyrir stjórnendur og kennara Heiðarskóla og til marks um að þessar breytingar á skólastarfinu komi fram í mælingum.


Að loknum skólaslitum í júní var send út könnun, annars vegar til kennara og hins vegar til foreldra, um upplifun þeirra á því að hafa allt skólaárið eitt samfellt námsmatstímabil. Foreldrakönnunin var send á foreldrahóp 2.-10. bekkjar úr Mentor, samtals 601 viðtakandi. 130 manns tóku þátt í könnuninni og voru spurningarnar og niðurstöðurnar á þessa leið:

#### Hver var upplifun þín á því að skólaárið 2014-2015 var eitt samfellt námsmatstímabil en ekki tvö aðskilin?




Mjög góð	<b>49</b>	37.7%
Góð	<b>45</b>	34.6%
Nokkuð góð	<b>22</b>	16.9%
Ekki góð	<b>8</b>	6.2%
Hef ekki skoðun á því	<b>6</b>	4.6%

#### Hversu vel telur þú að þetta námsmatsfyrirkomulag hafi hentat þínu barni?



Mjög vel	<b>54</b>	42.2%
Vel	<b>43</b>	33.6%
Nokkuð vel	<b>22</b>	17.2%
Ekki vel	<b>9</b>	7%

**Varðst þú var/vör við mikinn mun á prófa- og verkefnaálagi á þínu barni í desember/janúar við þessa breytingu?**




Álagið var minna    53    40.8%

Álagið var meira    13    10%

Ég varð ekki var/vör við neina breytingu    64    49.2%

**Upplifðir þú breytingu á því hver yfirsýn þín var yfir námsárangur barns þíns við þessar breytingar?**




Ég hafði jafn góða yfirsýn    110    84.6%

Ég hafði ekki eins góða yfirsýn    20    15.4%

Þessar niðurstöður benda til þess að mikill meirihluti þeirra foreldra sem tóku þátt í könnuninni hafi haft jákvæða upplifun af þessari breytingu og þeir telja jafnframt að breytingin hafi hentað sínu barni vel. Stór hópur foreldra upplifði að prófa- og verkefnaálagið á barn þeirra hefði verið minna en nokkuð fleiri urðu ekki varir við neina breytingu. Það er umhugsunarefni þar sem markmið þessarar breytingar var fyrst og fremst að jafna út álagið á nemendum og kennurum á annarskiptum. Loks upplifði mikill meirihluti foreldra sig hafa jafn góða yfirsýn yfir námsárangur síns barns, þrátt fyrir að ekki væru gefin út vitnisburðarskjöl í janúar.

Þegar kennarakönnunin var send út voru alls 29 kennrarar við störf í Heiðarskóla. 21 kennari svaraði könnuninni og voru spurningarnar og niðurstöðurnar á þessa leið:

**Hver var upplifun þín á því að skólaárið 2014-2015 var eitt samfellt námsmatstímabil en ekki tvö aðskilin?**




Mjög góð    15    71.4%

Góð    6    28.6%

Nokkuð góð    0    0%

Ekki góð    0    0%

#### Varðst þú var/vör við mikinn mun á vinnuálagi í desember/janúar við þessa breytingu?



Álagið var minna	<b>14</b>	66.7%
Álagið var meira	<b>0</b>	0%
Ég varð ekki var/vör við neina breytingu	<b>7</b>	33.3%

#### Upplifðir þú breytingu á því hver yfirsýn þín var yfir námsárangur/framvindu nemenda þinna við þessa breytingu?



Ég hafði jafn góða yfirsýn	<b>21</b>	100%
Ég hafði ekki eins góða yfirsýn	<b>0</b>	0%

#### Vilt þú að þetta námsmatsfyrirkomulag verði áfram svona í Heiðarskóla?



Já	<b>21</b>	100%
Nei	<b>0</b>	0%

Niðurstöðurnar úr kennarakönnuninni eru nokkuð afgerandi. Upplifun kennara á að hafa allt skólaárið eitt samfellt námsmatstímabil er ýmist mjög góð eða góð og mikill meirihluti kennara upplifði minna vinnuálag í desember/janúar. Allir sem tóku þátt í könnuninni töldu sig hafa jafn góða yfirsýn yfir námsárangur/framvindu nemenda sinna og allir vilja að námsmatsfyrirkomulagið verði svona áfram í Heiðarskóla.

Niðurstöður verkefnisins í heild eru í samræmi við þær væntingar sem lagt var upp með. Ljóst er að gildi þeirrar undirbúningsvinnu sem fram fór á fyrra árinu skilaði sér í vinnunni sem átti stað á því síðara og gott samstarf var á milli kennarahópa á öllu tímabilinu. Námsmat þarfnað stöðugrar endurskoðunar og afar brýnt er að kennrarar og skólastjórnendur líti ekki svo á að sú vinna sem unnin hefur verið í námsmati sé lokið.

#### Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Kennrar kynntu breytt námsmat og nýjar áherslur fyrir nemendum sínum. Fyrir nemendum á ungingastigi var það kynnt sérstaklega en hjá yngri nemendum þegar það átti við. Á samskiptadögum skólaárin 2013/2014 og 2014/2015 var markmiðssetning og mat á lykilhæfni

kynnt fyrir foreldrum og nemendum. Á skólapíngi Heiðarskóla, Með nesti og nýja skó - horft til framtíðar, sem haldið var þann 15. nóvember 2014, voru helstu breytingar og nýjar áherslur í námsmati kynntar skólasamféluginu, bæði þær sem þegar höfðu átt sér stað en einnig þær sem stefnt er á að framkvæma. Gestum var gefið tækifæri til þess að tjá sig um námsmatið í málstofum og komu þar fram sjónarmið foreldra og áhugasamra aðila skólasamfélagsins sem gögnumust skólanum vel. Að skólapínginu loknu var kynningin send til allra foreldra skólans. Hana má nálgast á heimasíðu skólans:

<http://www.heidarskoli.is/skolinn/aherslur-og-markmid>

Nágrannaskólar Heiðarskóla í Reykjanesbæ hafa þegar fengið leyfi til að nýta uppsetningu bekkjarnámskráa og markmiðssetningarskjölun sem útbúin hafa verið.

Eins og áður hefur komið fram er þessari vinnu ekki lokið og eðli málsins samkvæmt mun henni aldrei formlega ljúka. Eftir sem áður verða nemendur og foreldrar upplýstir um breytingar eða umbætur á námsmati t.a.m. á samskiptadögum, í tölvupóstum eða á þann hátt sem talinn er henta hverju sinni.

Skýrsla þessi verður birt á heimasíðu skólans.

Dagsetning: 15/6 '15

Björn Þóris Jóna Magnúsd.  
Undirskrift verkefnisstjóra

Sóley Halla Þorhálsd.  
Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla